HOFSSTAÐASKÓLI
GARÐABÆ

- Kennsla og félagsleg aðlögun

- Umsjónarkennari og kennari sem kennir íslensku sem annað tungumál útbúa kennslumarkmið. Þeir skipuleggja námið ásamt deildarstjóra sérkennslu og umsjónarkennari heldur utan um félagslega aðlögun og samskipti við heimili.

- Mikilvægt er að nota rafrænar orðabækur, sjónrænt efni og myndrænar útfærslur. Gott og náið samstarf þarf að vera á milli umsjónarkennara, sérgreinakennara og þeirra sem kenna íslensku sem annað tungumál. Með slíku samstarfi getur kennarinn sem kennir íslensku sem annað tungumál forunnið námsefni sem bekkjar- eða sérgreinakennari fer síðan í inni í bekk. Öll forvinna með þessum nemendum er mjög mikilvæg. Umsjónar- og sérgreinakennarar geta t.d. afhent kennara sem kennir íslensku sem annað tungumál lista með lykilhugtökum kafla í námsbók sem hann síðan aðstoðar nemandann við að skilja og þjálfar hann í notkun þeirra svo hann geti gert þau að sínum.

- Nauðsynlegt er að byrja á að kenna og þjálfa nemandann í almennum orðaforða og samskiptum á íslensku og innleiða einnig eftir bestu getu skólamál og flóknari hugtök námsbóka.

- Allir starfsmenn skólans eru íslenskukennarar nemenda sem koma erlendis frá.

- Varðandi félagslega aðlögun nemanda er gott að nýta aðferðina tveir í takt. Þá tekur íslenskur nemandi að sér að vera sérstakur félagi nýja nemandans í skólanum í lengri eða skemmri tíma. Í sumum tilfellum hafa íslensku nemendurnir verið afar vinsamlegir en nýi nemandinn sem kemur erlendis frá verið feimin við samskiptin. Gott er því að fara frekar hægt í sakirnar til að byrja með og leyfa nýja nemandanum að finna sig og síðan er lagt af stað með vel skipulagða félagslega aðlögun með virkri þátttöku íslensku nemendanna.

- Íslensku nemendurnir eru þjálfaðir í að kenna erlenda nemandanum íslensku og lögð á það áhersla að þeir noti ekki ensku í samskiptum sínum við þá.

- Ef margir nemendur með sama móðurmál stunda nám við skólann er mikilvægt að þeir vinni saman og styðji hvorn annan í náminu. Sumir þeirra hafa verið lengur á Íslandi en aðrir og eru lengra komnir í náminu og því tilvaldir í slíka jafningjafræðslu.